



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Tjarnargötu 9,
101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 16. febrúar 2024

Efni: Frumvarp til laga um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ

Samtök atvinnulífsins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi („**samtökin**“) vísa til tölvubrúefs nefnda- og greiningarsviði Alþingis frá 9. febrúar 2024 þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um ofangreint mál. Frumvarpið kveður á um tímabundinn rekstrarstuðning til rekstraraðila sem hafa orðið fyrir tekjufalli vegna náttúruhamfaranna í Grindavíkurbæ. Með frumvarpinu er lagt til nýtt úrræði til að koma til móts við vanda rekstraraðila í Grindavíkurbæ. Nánar tiltekið mælir frumvarpið fyrir um tímabundinn rekstrarstuðning til atvinnurekenda sem orðið hafa fyrir a.m.k. 40% tekjufalli sem rekja má til náttúruhamfara við Grindavíkurbæ.

SA styðja frumvarpið og mæla með að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu hafa forsendur til atvinnurekstrar í sveitarfélaginu gjörbreyst og því nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem miða að því að draga úr tjóni rekstraraðila og gera þeim kleift að viðhalda starfsemi sinni. Samtökin telja frumvarpið vera mikilvægan lið í þeim aðgerðum.

Í ályktun bæjarstjórnar Grindavíkur, dags. 14. febrúar, kemur fram að fyrirtæki í Grindavík séu komin að þolmörkum. Það er talið mikilvægt að opna bæinn fyrir aukna starfsemi til að viðhalda lífi í grindvískum fyrirtækjum á meðan náttúran leyfir. Þegar hjól atvinnulífsins í bænum byrja að snúast að nýju, er ljóst að starfsfólk mun þurfa að ferðast lengri leiðir til og frá vinnu, þar sem varanleg búseta í bænum er enn bönnuð. Því fylgir nokkuð kostnaður fyrir rekstraraðila í bænum. Af þeim sökum telja samtökin nauðsynlegt að útvíkka úrræði um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ og veita einstaklingum styrki til að auðvelda ferðir til og frá vinnu. Samtökin lýsa sig tilbúin til samtals og samráðs um hvernig best sé að haga slíkri framkvæmd.

Að auki er mikilvægt að hafa í huga að aðstæður á Reykjanesi breytast ört og þar með rekstrarumhverfi fyrirtækja á svæðinu en hjá þeim starfa hundruðir einstaklinga. Í því ljósi vilja samtökin hvetja stjórnvöld til að huga áfram að mögulegum aðgerðum, reynist þess nauðsyn, í samvinnu við rekstraraðila á svæðinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðmar Guðmundsson